Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefndandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988 en stefndandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefndandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefndandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 17. september 2024 kl. 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 6. ágúst 2024.

F. h. stefnanda,

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2024016182

Útgáfud.: 16. ágúst 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna,

kt. 710169-0989,

Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt að sjóðurinn sem er sérstök ríkisstofnun, þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn Hallbirni Þór Guðmundssyni, kt. 220982-4169, með óþekkt heimilisfang erlendis, til heimtu skuldar samkvæmt því sem nánar greinir í stefnu þessari.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Sigurbjörn Þorbergsson lögmaður Suðurlandsbraut 4a í Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda, en fyrirvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri sjóðsins Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1 í Reykjavík.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda Hallbirni Þór Guðmundssyni verði með dómi gert að greiða stefnanda Menntasjóði námsmanna 3.263.877 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af kr. 581.885 frá 1. september 2023 til 1. mars 2024, af kr. 761.438 frá þeim degi til 27. apríl 2024 en af kr. 3.263.877 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu. Kröfunr. 546-72128.

Málavextir: Mál þetta er höfðað og rekið á grundvelli skuldabréfs vegna námsláns nr. G-103152 sem stefndi gaf út til stefnanda þann 4. febrúar 2010, að upphaflegri fjárhæð kr. 3.757.728 verðtryggt skv. vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölustiginu 411,5 Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt, eða einstakir hlutar þess greiddir út, til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram. Við námslok er framreiknuð staða færð á skuldabréfið, sem og grunnvísitölustig námslokadags, samkvæmt umboði sem skuldabréfið sjálft greinir.

Höfuðstóll skuldarinnar breytist svo í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu bréfsins til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga. Skal höfuðstóll skuldarinnar reiknaður út á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út.

Vextir reiknast frá námslokum. Lánið ber breytilega vexti sem verða aldrei hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar. Þeir eru 1% ársvextir af skuld skv. skuldabréfi máls þessa, ákvarðaðir samkvæmt ákvæðum eldri reglugerða um starfsemi stefnanda, síðast reglugerð nr. 489/2011.

Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir námslok. Námslok vegna þessa láns voru 29. júní 2013, ákvörðuð samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitalan var þá 411,5 stig.

Gjalddagar eru tveir á ári, föst verðtryggð afborgun 1. mars en tekjutengd 1. september, sbr. ákvæði 8. - 10. gr. laga nr. 21/1992.

Stefndi greiddi af láninu framan af, en það fór í vanskil 1. september 2023. Þá er gjalddagi 1. mars 2024 einnig í vanskilum. Vegna vanskila þessara voru ógjaldfallnar eftirstöðvar skuldarinnar gjaldfelldar 27. mars 2024 og sundurliðast krafan svo:

Gjalddagi pr. 1. september 2023, kr. 581.885,
gjaldagi pr. 1. mars 2024, kr. 179.553,
gjaldfelldar eftirstöðvar, kr. 2.502.439,
samtals kr. 3.263.877.

Málsástæður og lagarök: Mál þetta er rekið með vísan til þeirrar viðteknu og alþekktu meginreglu íslensks kröfuréttar að loforð hafa skuldbindingargildi og aðilum ber skylda til að virða og efna gerða samninga. Stefndi þáði námslán hjá stefnanda sem hann lofaði að endurgreiða skv. skilmálum skuldabréfsins og ákvæðum laga nr. 21/1992 um starfsemi stafnanda, en hefur vanefnt það loforð. Krafa um dráttarvexti styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála og er þess krafist að við ákvörðun hans verði til þess horft til ákvæða b. liðar 4. gr. reglna dómstólasýslunnar nr. 2/2024 og þess að stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili, en ber að greiða virðisaukaskatt af reikningi lögmanns síns. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991.

Útskrift af þjóðskrárvef, vottar óþekkt heimili stefnda í útlöndum og verður upplýsinga því ekki aflað um hvar megi birta stefnu eftir almennum reglum. Stefndi á þess því þann kost einan að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði með vísan til heimildar 2. mgr. 83. gr. og a. liðar 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni stefnanda breytt úr Lánasjóður íslenskra námsmanna í Menntasjóður Námsmanna.

Sönnunargögn: Stefndi vísar einkum til skuldabréfs þess sem stefndi gaf út til stefnanda, auk annarra skjala sem listuð verða í sérstakri skjalaskrá sem lögð verður fram við þingfestingu málsins.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari sönnunarfærslu þar með talið að nefna aðila og vitni til skýrslugjafar fyrir dómi og afla matsgerða dómkvaddra manna. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður og setja fram mótmæli, gefist tilefni.

Áskorun og fyrirkall: Hér með er skorað á stefnda Hallbjörn Þór Guðmundsson að greiða stefnukröfurnar nú þegar til málflutningsmanns stefnanda, en láta ella mæta fyrir sína hönd á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómssal nr. 102 í húsnæði dómsins við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 15. október 2024 kl. 10.00 árdegis er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má stefndi búast við því að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 26. júlí 2024.

F. h. stefnanda,

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2024016187

Útgáfud.: 16. ágúst 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna,

kt. 710169-0989,

Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt, að sjóðurinn sem er sérstök ríkisstofnun, þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn Skúla Thorarensen kt. 261068-3899 með óþekkt heimilisfang í Þýskalandi, til heimtu skuldar samkvæmt því sem nánar greinir í stefnu þessari.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Sigurbjörn Þorbergsson lögmaður Suðurlandsbraut 4a í Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda, en fyrirsvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri sjóðsins Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1 í Reykjavík.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda Skúla Thorarensen verði með dómi gert að greiða stefnanda Menntasjóði námsmanna 2.361.236 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af kr. 369.517,- frá 1. september 2023 til 1. mars 2024, af kr. 475.846,- frá þeim degi til 4. maí 2024 en af kr. 2.361.236,- frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu. Kröfunr. 546-72127.

Málavextir: Mál þetta er höfðað og rekið á grundvelli eftirgreindra sex skuldabréfa vegna námslána, sem stefndi gaf út til stefnanda á árunum 1990-1992:

T-143982 útg. 29. mars 1990, kr. 451.703,- vtr. mv. lánskjaravísitölu 2873 stig.

T-162933 útg. 3. okt. 1990, kr. 110.311,- vtr. mv. lánskjaravísitölu 2938 stig.

T-170009 útg. 30. nóv. 1990, kr. 51.172,- vtr. mv. lánskjaravísitölu 2969 stig.

T-útg. 27. des. 1990, kr. 164.125,- vtr. mv. lánskjaravísitölu 3003 stig.

T-184026 útg. 1. apríl 1991, kr. 200.328,- vtr. mv. lánskjaravísitölu 3070 stig.

T-215086 útg. 10. jan. 1992 kr. 143.420,- vtr. mv. lánskjaravísitölu 3198 stig.

Lánveitingar þessar fóru fram í gildistið laga nr. 72/1982 um starfsemi stefnanda og gilda ákvæði þeirra laga, auk skilmála skuldabréfanna um réttarsamband aðila.

Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt, eða einstakir hlutar þess greiddir út, til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram. Við námslok var í samræmi við fyrirmæli tilvitnaðra laga, framreiknuð staða skuldabréfanna allra tekin saman sem eitt lán, því gefið númer S-956445 og var upphaflegur höfuðstóll þess kr. 1.272.813,- Hann var bundinn grunnvísitölu námslokadags, sem var 3385 stig. Mælt er fyrir um þennan framgang í 2. ml. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1982. Framreikningurinn er svolátandi:

451.703

3385/2873

532.201

T-143982

110.311	3385/2938	127.094	T-162933
51.172	3385/2969	58.342	T-170009
164.125	3385/3003	185.003	T-172506
198.046	3385/3070	218.367	T-184026
143.420	3385/3198	151.806	T-215086
	Samtals		kr. 1.273.813

Útgáfufjárhæð næst síðasta bréfsins T-184026, er í framreikningnum lækkuð um kr. 2.282 vegna innborgunar (200.328-2.282). Framreiknaður höfuðstóll skuldarinnar breytist svo í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu námslokadags til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga. Skal höfuðstóll skuldarinnar reiknaður út á hverjum gjalddaga, áður en afborgun er reiknuð út. Lánið ber ekki vexti.

Námslok vegna þessa láns voru 15. febrúar 1995, ákvörðuð samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1982. Gjalddagar eru tveir á ári, föst verðtryggt afborgun 1. mars en tekjutengd 1. september.

Stefndi greiddi af láninu lengi vel, en það fór í vanskil 1. september 2023. Þá er gjalddagi 1. mars 2024 einnig í vanskilum. Vegna vanskila þessara voru ógjaldfallnar eftirstöðvar skuldarinnar gjaldfelldar 4. apríl 2024 og sundurliðast krafan svo:

Gjalddagi pr. 1. september 2023, kr. 369.517,
gjaldagi pr. 1. mars 2024, kr. 106.329,
gjaldfelldar eftirstöðvar, kr. 1.885.390,
samtals kr. 2.361.236.

Málsástæður og lagarök: Mál þetta er rekið með vísan til þeirrar viðteknu og alþekktu meginreglu íslensks kröfuréttar að loforð hafa skuldbindingargildi og aðilum ber skylda til að virða og efna gerða samninga. Stefndi þáði námslán hjá stefnanda sem hann lofaði að endurgreiða skv. skilmálum skuldabréfanna sex og ákvæðum laga nr. 72/1982 um starfsemi stafnanda, en hefur vanefnt það loforð. Krafa um dráttarvexti styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála og er þess krafist að við ákvörðun hans verði til þess horft til ákvæða b. liðar 4. gr. reglna dómstólasýslunnar nr. 2/2024 og þess að stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili, en ber að greiða virðisaukaskatt af reikningi lögmanns síns. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfanna sjálfra og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991.

Útskrift af þjóðskrárvef, vottar óþekkt heimili stefnda í Þýskalandi. Hefur ekki tekist að hafa uppi á því. Haag-samningur um birtingar á réttarskjölum ofl. frá 15. nóvember 1965 gildir ekki þegar heimilisfang stefnda er óþekkt. Stefndi hefur áður leitað eftir milligöngu utanríkisráðuneytisins varðandi birtingu á stefnu eftir reglum í Þýskalandi um birtingu fyrir aðila með óþekkt heimilisfang, án árangurs. Í embættisbréfi sendiráðs Íslands í Berlín útgefnu 10. júní 2022 kemur fram að sendiráðið hafi átt í samskiptum við þýska dómsmálaráðuneytið, sem hafi upplýst að ekki sé heimilt að birta stefnur rafrænt eða með bréfasendingu samkvæmt þýskum lögum. Jafnframt segir, að ef ekki liggi fyrir upplýsingar um í hvaða sambandsríki í Þýskalandi stefnuna eigi að birta, muni þýsk stjórnvöld ekki hafa milligöngu um birtingu. Ekkert liggur fyrir um hvar í Þýskalandi heimili stefnda er og verður upplýsinga því ekki aflað um hvar megi birta stefnu eftir almennum reglum.

Stefnandi á þess því þann kost einan að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði með vísan til heimildar 2. mgr. 83. gr. og a. og b. liða 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni stefnanda breytt úr Lánasjóður íslenskra námsmanna í Menntasjóður Námsmanna.

Sönnunargögn: Stefndi vísar einkum til skuldabréfa þeirra sem stefndi gaf út til stefnanda, auk annarra skjala sem listuð verða í sérstakri skjalaskrá sem lögð verður fram við þingfestingu málsins.

Áskilnaður: Stefndi áskilur sér rétt til frekari sönnunarfærslu þar með talið að nefna aðila og vitni til skýrslugjafar fyrir dómi og afla matsgerða dómkvaddra manna. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður og setja fram mótmæli, gefist tilefni.

Áskorun og fyrirkall: Hér með er skorað á stefnda Skúla Thorarensen að greiða stefnukröfurnar nú þegar til málflutningsmanns stefnanda, en láta ella mæta fyrir sína hönd á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð

verður í dómssal nr. 102 í húsnæði dómsins við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 15. október 2024 kl. 10.00 árdegis er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má stefndi búast við því að útvistardómur gangi í málinu. Stefufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 26. júlí 2024.
F. h. stefnanda,
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2024016190

Útgáfud.: 16. ágúst 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna,
kt. 710169-0989,
Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt, að sjóðurinn sem er sérstök ríkisstofnun, þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn Sigurlaugu Þ. Ragnarsdóttur, kt. 170764-5289, með ótilgreint heimilisfang skv. þjóðskrá, til heimtu skuldar samkvæmt því sem nánar greinir í stefnu þessari.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Sigurbjörn Þorbergsson lögmaður Suðurlandsbraut 4a í Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda, en fyrirvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri sjóðsins Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1 í Reykjavík.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu Sigurlaugu Þ. Ragnarsdóttur verði með dómi gert að greiða stefnanda Menntasjóði námsmanna 16.958.845 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af kr. 166.245 frá 1. mars 2023 til 1. september 2023, af kr. 224.330 frá þeim degi til 1. mars 2024, af kr. 403.883 frá þeim degi til 4. maí 2024 en af kr. 16.958.845 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu. Kröfunr. 546-71729.

Málavextir: Mál þetta er höfðað og rekið á grundvelli skuldabréfs vegna námsláns nr. R- 14308 sem stefnda gaf út til stefnanda þann 17. janúar 1996, að upphaflegri fjárhæð kr. 4.278.884 verðtryggt skv. vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölustiginu 183,7 Verðtrygging skulda vegna námslána reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt, eða einstakir hlutar þess greiddir út, til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla á að fara fram. Við námslok er framreiknuð staða færð á skuldabréfið, sem og grunnvísitölustig námslokadags, samkvæmt umboði sem skuldabréfið sjálft greinir.

Höfuðstóll skuldarinnar breytist svo í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu bréfsins til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga. Skal höfuðstóll skuldarinnar reiknaður út á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út.

Vextir reiknast frá námslokum. Lánið ber breytilega vexti sem verða aldrei hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar. Þeir eru 1% ársvextir af skuld skv. skuldabréfi máls þessa, ákvarðaðir samkvæmt ákvæðum eldri reglugerða um starfsemi stefnanda, síðast reglugerð nr. 478/2011.

Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir námslok. Námslok vegna þessa láns voru 22. janúar 1999, ákvörðuð samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitalan var þá 183,7 stig.

Gjalddagar eru tveir á ári, föst verðtryggð afborgun 1. mars en tekjutengd 1. september, sbr. ákvæði 8. – 10. gr. laga nr. 21/1992.

Stefnda greiddi af láninu framan af, en það fór í vanskil 1. mars 2023. Þá fóru gjalddagar 1. september 2023 og 1. mars 2024 einnig í vanskil. Vegna vanskila þessara voru ógjaldfallnar eftirstöðvar skuldarinnar gjaldfelldar 4. apríl 2024 og sundurliðast krafan svo:

gjaldtagi pr. 1. mars 2023, kr. 166.245,
gjaldtagi pr. 1. september 2023, kr. 58.085,

gjaldldagi pr. 1. mars 2024, kr. 179.553,
gjaldfelldar eftirstöðvar: kr. 16.554.962,
samtals kr. 16.958.845.

Málsástæður og lagarök: Mál þetta er rekið með vísan til þeirrar viðteknu og alþekktu meginreglu íslensks kröfuréttar að loforð hafa skuldbindingargildi og aðilum ber skylda til að virða og efna gerða samninga. Stefnandi þáði námslán hjá stefnanda sem hún lofaði að endurgreiða skv. skilmálum skuldabréfsins og ákvæðum laga nr. 21/1992 um starfsemi stafnanda, en hefur vanefnt það loforð. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála og er þess krafist að við ákvörðun hans verði horft til ákvæða b. liðar 4. gr. reglna dómstólasýslunnar nr. 2/2024 og þess að stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili en ber að greiða virðisaukaskatt af reikningi lögmanns síns. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991.

Útskrift af þjóðskrárvef, vottar ótilgreint heimili stefndu og verður upplýsinga því ekki aflað um hvar megi birta stefnu eftir almennum reglum. Stefnandi á þess því þann kost einan að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði með vísan til heimildar 2. mgr. 83. gr. og a. liðar 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni stefnanda breytt úr Lánasjóður íslenskra námsmanna í Menntasjóður Námsmanna.

Sönnunargögn: Stefnandi vísar einkum til skuldabréfs þess sem stefnda gaf út til stefnanda, auk annarra skjala sem listuð verða í sérstakri skjalaskrá sem lögð verður fram við þingfestingu málsins.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari sönnunarfærslu þar með talið að nefna aðila og vitni til skýrslugjafar fyrir dómi og afla matsgerða dómkvaddra manna. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður og setja fram mótmæli, gefist tilefni.

Áskorun og fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu Sigurlaugu Þ. Ragnarsdóttur að greiða stefnukröfurnar nú þegar til málflutningsmanns stefnanda, en mæta ella á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómssal nr. 102 í húsnæði dómsins við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 15. október 2024 kl. 10.00 árdegis er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má stefnda búast við því að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 26. júlí 2024.
F. h. stefnanda,
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2024016195

Útgáfud.: 16. ágúst 2024

Stefna - til véfengingar á faðerni

Camille Justin Geraldo,
kt. 220889-5219,
Setbergi 35b, Þorlákshöfn
gjörir kunnugt: Að hún þurfi að höfða mál f. h. ólögráða dóttur sinnar, stúlku Ramos, kt. 050724-3360, fyrir héraðsdómi Suðurlands á hendur Rolando Medrano Ramos jr., fd. 12. desember 1980, ríkisborgara Filippseyja, með óþekkt heimilisfang á Filippseyjum.

Dómkröfur: Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefndi sé ekki faðir stefnanda, stúlku Ramos, kt. 050724-3360. Þá er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði, auk virðisaukaskatts, í samræmi við 22. sbr. 11. gr. barnalaga nr. 76/2003, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Krístrún Elsa Harðardóttir, Lögfræðistofu Selfoss, Brúarstræti 2, Selfossi, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Móðir stefnanda fluttist til Íslands árið 2017. Hún giftist stefnda árið 2018 í Filippseyjum og til stóð að stefndi myndi sækja um dvalarleyfi hér á landi og sameinast móður stefnanda. Upp úr sambandinu slitnaði þó síðar á árinu 2018 eftir að stefndi hóf samband við aðra konu. Kom því aldrei til þess að stefndi flytti til Íslands. Ekki var þó gengið frá skilnaði þar sem skilnaður er óheimill í Filippseyjum og ekki hægt að ganga frá honum þar. Móðir stefnanda hefur ekki hitt stefnda frá því árið 2018 þegar þau gengu í hjúskap.

Móðir stefnanda kynntist raunverulegum föður stefnanda síðla árs 2018, Guðmundi Hermanní Óskarssyni, kt. 180990-2919 og hófu þau sambúð árið 2019. Guðmundur er eini maðurinn sem móðir stefnanda hefur átt kynferðislegt samneyti við frá árinu 2018 og því ljóst að Guðmundur er raunverulegur faðir stefnanda. Stefndi er hins vegar skráður faðir stefnanda í Þjóðskrá þar sem móðir stefnanda er enn gift stefnda. Er stefnanda því nauðsynlegt að höfða mál þetta til að fá faðerni sitt rétt skráð.

Lagarök: Mál þetta er höfðað á grundvelli III. kafla barnalaga nr. 76/2003, sbr. 21. gr. laganna. Byggt er á því að stefnandi hafi augljósa hagsmunir af því að verða réttilega feðruð.

Krafa um greiðslu málskostnaðar styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og 22. sbr. 11. gr. barnalaga nr. 76/2003, sem kveður á um að þegar barn er stefnandi máls skuli greiða þóknun lögmanns stefnanda, svo og annan málskostnað, sem dómari ákveður úr ríkissjóði. Hins vegar styðst krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun við lög nr. 50/1998 um virðisaukaskatt, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt vegna þjónustu sinnar. Stefndi máls þessa er ekki virðisaukaskyld og er henni því nauðsyn að fá skattinn tildæmdan.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram:

Stefnu þessa.

Bréf frá Þjóðskrá Íslands, dags. 8. júlí 2024.

Áskilinn er réttur til að leggja fram fleiri gögn undir rekstri málsins.

Birting stefnu í Lögbirtingablaði: Móðir stefnanda hefur reynt að fá uppgengið heimilisfang til birtingar stefnu hjá stefnda en án árangurs. Ekki hefur tekist að afla neinna upplýsinga um hvar birta megir stefnu í málinu eftir almennum reglum og er því stefna birt í lögbirtingablaði á grundvelli 89. gr. laga nr. 91/1991 og stefnufrestur tilgreindur í samræmi við ákvæði 3. tl. 91. gr. sömu laga.

Skýrslugjöf fyrir dómi og áskilnaður: Við aðalflutning málsins er áskilinn réttur til að leiða fyrir dóm hvern þann, sem varpað getur ljósi á málsatvik.

Áskilnaður er gerður um rétt til frekari reifunar málsins, öflunar gagna og til að bera fram nýjar málsástæður og mótmæli á síðari stigum málsins, þar á meðal við aðalflutning þess, ef tilefni verður til.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér Rolando Medrano Ramos jr., með óþekkt heimilisfang í Filippseyjum, til þess að mæta á dómþing héraðsdóms Suðurlands, Austurvegi 4, Selfossi, sem háð verður miðvikudaginn 18. september 2024, kl. 14.00 er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar og réttarkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu, en ella má hann búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Selfossi, 14. ágúst 2024.

F. h. stefnanda,

Kristrún Elsa Harðardóttir lögmaður.

(2024016200

Útgáfud.: 19. ágúst 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Kreditor Finans AS, með skráningarnúmerið NO 919 628 103, Sjølyst plass 3, NO-0278 Oslo í Noregi gerir kunnugt: Að félagið þurfi að höfða mál til greiðslu eftirstöðva skuldar auk vaxta og málskostnaðar fyrir

Héraðsdómi Reykjavíkur sameiginlega á hendur Ragnari Árnasyni, Hellu, 611 Grímsey og Ásdísi Ernu Ingimarsdóttur, kt. 161268-4109 sem er óstaðsett í hús, Reykjavík.

I. Dómkröfur Stefnandi krefst þess að stefndu verði sameiginlega gert að greiða stefnanda 114.969,59 norskar krónur (NOK) með vöxtum samkvæmt 3. gr. norsku vaxtalaganna nr. 100/1976, Lov om renter ved forsinket betaling m.m. (forsinkelsesrenteloven) með síðari breytingum samkvæmt eftirfarandi:

Með 8% ársvöxtum frá 19. september til 31. desember 2021,
með 8,50 % ársvöxtum frá 1. janúar 2022 til 30. júní 2022,
með 9,25 % ársvöxtum frá 1. júlí 2022 til 31. desember 2022,
með 10,75 % ársvöxtum frá 1. janúar 2023 til 30. júní 2023,
með 11,75 % ársvöxtum frá 1. júlí 2023 til 31. desember 2023,
með 12,5 % ársvöxtum frá 1. janúar 2024 til 30. júní 2024,
og vaxtafæti frá þeim degi í samræmi við birta ákvörðun norska fjármálaráðuneytisins hverju sinni, til greiðsludags.

Til vara gerir stefnandi þá kröfu að stefndu verði sameiginlega gert að greiða stefnanda 70.206,33 norskar krónur (NOK) með vöxtum samkvæmt 3. gr. norsku vaxtalaganna nr. 100/1976, Lov om renter ved forsinket betaling m.m. (forsinkelsesrenteloven) með síðari breytingum samkvæmt eftirfarandi:

Með 8% ársvöxtum frá 19. september til 31. desember 2021,
með 8,50 % ársvöxtum frá 1. janúar 2022 til 30. júní 2022,
með 9,25 % ársvöxtum frá 1. júlí 2022 til 31. desember 2022,
með 10,75 % ársvöxtum frá 1. janúar 2023 til 30. júní 2023,
með 11,75 % ársvöxtum frá 1. júlí 2023 til 31. desember 2023,
með 12,5 % ársvöxtum frá 1. janúar 2024 til 30. júní 2024.

Í báðum tilvikum gerir stefnandi kröfu um að stefndu verði dæmd til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

II. Fyrirsvar og málflutningsumboð: Fyrirsvarsmaður stefnanda er Rolf Eek-Johansen, framkvæmdastjóri Kreditor Finans AS, fæddur árið 1958 í Noregi þar sem hann er jafnframt búsettur. Undirritaður lögmaður Katrín Smári Ólafsdóttir rekur mál þetta f.h. stefnanda.

III. Um aðild: Mál þetta varðar eftirstöðvar láns til bifreiðakaupa sem stefndu var veitt til kaupa á bíl er þau voru búsett í Noregi. Upphaflegur lánveitandi og eigandi kröfu þeirrar sem sakarefni máls þessa varðar var Sparebank 1 Finans Nord-Norge AS, með fyrirtækjanúmerið 930 050 237.

Mál þetta varðar kröfu um greiðslu eftirstöðva lánsins að því marki sem verðmæti hins veðsetta nægði ekki til greiðslu krafna stefnanda eftir að bifreið þeirri, sem til tryggingar stóð kröfunni, var ráðstafað þann 4. ágúst 2014. Mál þetta er risið til heimtu eftirstöðva lánsins.

Stefnandi, Kreditor Finans AS, NO 919 628 103, Sjølyst plass 3, NO-0278 Osló í Noregi er norskt fjármálafyrirtæki. Um er að ræða norskt einkahlutafélag með skráningarnúmerið 919 628 103 (áður 984 467 990). Félagið, sem hefur verið í lánastarfsemi allt frá árinu 2002, rann saman við fjármálafyrirtækið Modhi Finans AS í Noregi í árslok 2022. Við samrunann þar sem hið síðarnefnda tók yfir rekstur Kreditor Finans var nafni yfirtökufélagsins breytt auk þess sem öll réttindi og skyldur Kreditor Finans fóru yfir til stefnanda. Krafa sú sem mál þetta varðar var framseld frá Sparebank 1 til Lindorff AS í desember 2016. Modhi Finans AS (síðar Kreditor Finans) eignaðist kröfu þá sem hér um ræðir fyrir framsal frá Lindorff AS í janúar 2021.

IV. Málsatvik: Helstu málsatvik eru þau að í maímánuði 2010 tók stefnda, Ásdís, sem þá var búsett í Noregi, lán að fjárhæð 158.691 norskra króna (NOK) hjá norska bankanum SpareBank 1 skráningarnúmer 930 050 237 til bifreiðakaupa, nánar tiltekið til kaupa á bifreiðinni Skoda Fabia árg. 2008, með skráningarnúmerið ZT43993. Stefnda fékk að láni 158.691 norskar krónur (NOK) samkvæmt skuldabréfi útgefnu þann 5. maí 2010. Undirrituðu stefndu af því tilefni veðskuldabréf (gjeldsbrev með salgspant), stefnda Ásdís sem lántaki (aðalskuldari) en Ragnar Arnason sem meðskuldari (solidarisk ábyrgð). Til tryggingar réttum efndum lánsins var lánveitanda veitt veð í hinni keyptu bifreið. Samkvæmt skilmálum lánssamningsins, sem hafði númerið 428617 (avtalenummer), skyldi lánið greiðast til baka að fullu á fimm árum, með mánaðarlegum afborgunum með 8,69% ársvöxtum. Stefndu stóðu í fyrstu í skilum en síðla árs 2013 fór að halla undir fæti og stefndu mun ekki hafa verið unnt að standa í skilum með umsamdar greiðslur afborgana lánsins. Vegna verulegra vanefnda á afborgunum lánsins var láninu sagt upp og það gjaldfellt í heild sinni og var mál höfðað til greiðslu eftirstöðva

Þess árið 2014. Ekki var mætt af hálfu stefndu og var kveðinn upp útivistardómur (fraværðsdom) þann 11. febrúar 2014 þar sem krafan var staðfest með dómi og stefndu sem þá voru enn búsett í Alta í Noregi gert að afhenda bifreiðina (dskj.8) og dæmd til greiðslu málskostnaðar. Ekki var orðið við dómsorði og fór svo að bifreiðinni var ráðstafað með aðfarargerð samkvæmt dómsorði og andvirði hennar ráðstafað var upp í eftirstöðvar kröfunnar samkvæmt lánssamningi aðila (dskj. 9). Lyklar að bifreiðinni voru ekki afhentir, svo kostnaður hlaust af því að láta smíða nýja lykla auk þess sem allnokkrar skemmdir munu hafa verið á bifreiðinni sem bæta þurfti úr (sbr. skýrsla lögð fram á dskj. 5). Fór svo að frá áætluðu söluverði/verðmati bifreiðarinnar (80.000 NOK) á yfirtökudegi, drógust 73.032 NOK. Á yfirtökudegi nam heildarkrafa kröfueiganda vegna lánsins samtals NOK 121.937,59 (gjaldfelldur höfuðstóll auk áfallinna vaxta og kostnaðar). Andvirði veðandlagsins hrökk því ekki til greiðslu skuldarinnar auk kostnaðar að teknu tilliti til skemmda á hinu veðsetta. Til lánveitanda, sem stefnandi máls þessa leiðir rétt sinn frá komu 6968 NOK en þá átti eftir að greiða uppboðskostnað og annan kostnað vegna innheimtunnar (málarekstur í Noregi). *Eftirstöðvar kröfu kröfueiganda, eftir að verðmati bifreiðarinnar hafði verið ráðstafað til lækkunar kröfunnar, námu því samtals 114.969,59 norskum krónum (NOK) sem er stefnufjárhæð máls þessa.* Mál var höfðað á hendur stefnda Ragnari til greiðslu eftirstöðva kröfunnar í ársbyrjun 2024 sem lauk með útivistardómi Forliksráðet í Oslo, avdeling 2 sem kveðinn var upp þann 26. febrúar 2024 (dskj. 11). Dómurinn var birtur fyrir stefnda Ragnari þann 10. apríl síðastliðinn (sbr. dskj.12). Aldrei hefur náðst til stefndu eftir að greiðslufall varð.

Innheimtuaðgerðir stefnanda og innheimtuaðila þeirra í Noregi á hendur stefndu til eftirstöðva lánsins báru engan árangur sem sendu stefndu jafnframt áminningar eftir að í ljós kom að þau höfðu flutt til Íslands. Undirrituðum lögmanni í heimalandi stefnda var svo falin krafa þessi til innheimtu í ársbyrjun 2024, sem hefur sent stefndu innheimtubréf og áminningar. Þar sem stefndu hafa í engu brugðist við þrátt fyrir framangreindar innheimtutilraunir né neinar frekari greiðslur borist á stefnandi engan annan kost en að höfða mál þetta til að fá dóm fyrir kröfu sinni. Frá ársbyrjun 2024 hefur stefnda Ásdís Erna verið óstaðsett í hús í Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá er enn ekkert vitað um heimilisfang hennar eða dvalarstað. Mál þetta er höfðað á heimilisvarnarþingi meðstefnda, Ragnars Árnasonar sem búsettur er í Grímsey í samræmi við ákvæði 32. gr. eml.

IV. Málsástæður: Stefndi byggir kröfur sínar á framlögðum gögnum, einkum á ákvæðum lánssamnings þeim sem kröfur stefnanda grundvallast á og stefndu undirgengjust með undirritun sinni og þeirra skilmála sem um lánveitingu stefndu giltu þegar til skuldbindingarinnar var stofnað. Með vísan til almennra meginreglna norræns samninga- og kröfuréttar, um loforð og efndir fjárskuldbindinga, hvílir á stefndu skilyrðislaus skylda til þess að greiða stefnanda eftirstöðvar samkvæmt þeim lánssamningi sem hér um ræðir. Stefndi byggir á því að um kröfu þessa gildi efnisreglur norskra laga og norskar réttarreglur og það verði ennfremur talið leiða af samningi aðila en um er að ræða lántöku hjá norskum banka, sem tekið var er stefndu voru búsett í Noregi, allir samningar eru á norsku og krafan í norskri mynt auk þess sem um er að ræða kröfu sem er aðfararhæf samkvæmt norskum lögum, sbr. lög nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar, einkum 1. mgr. 3. greinar laganna og 4. gr. til vara. Kröfu um dráttarvexti byggir stefndi á ákvæðum lánssamnings aðila sem og ákvæðum norskra laga um dráttarvexti nr. 100 frá 17. desember 1976, Lov om renter ved forsinket betaling LOV-1976-12-17-100 (Forsinkelsesrenteloven) eins og þeim var síðast breytt þann 16. 03. 2013 (LOV-2013-02-15-8), einkum 1. og 2. gr. laganna (dskj. 13 bls. 2 sbr. dskj. 13). Dráttarvaxta er krafist af stefnuþjárhæð þrjú ár aftur í tímann frá þingfestingardegi stefnu þessarar eða frá 19. september 2021 í samræmi við 2. gr. norskra laga um fyrningu LOV-1979-05-18-18 Lov om foreldelse av fordringer (foreldelsesloven) með síðari breytingum. Fyrningartími vaxta samkvæmt norskum lögum er þrjú ár, sbr. 2. gr. norsku fyrningarlaga sem vísar til hins almenna fyrningarfrests sem er 3 ár í Noregi. Fyrningartími krafna vegna peningalána samkvæmt norskum lögum er 10 ár líkt og hérlendis, sbr. 5. gr. sömu laga. Ráðstöfun bifreiðar þeirrar sem stóð til tryggingar kröfu stefnanda fór fram í desember 2014 og voru veðbönd afmáð (dskj.12). Tók þá nýr 10 ára fyrningarfrestur að líða frá því tímamarki, sbr. 3. mgr. 21. gr. norskra laga um fyrningu sbr. 17. grein sömu laga en norsk lög eru efnislega samhljóða þeim íslensku um þau atriði. Um hundraðshluta dráttarvaxta í dómkröfu vísast til 3. gr. sömu laga en líkt og í dómkröfu greinir nemur vaxtafótur norskra dráttarvaxta á því tímabili sem hér um ræðir 8%-12,5% ársvöxtum (p.a.). Samkvæmt ákvæðinu er hundraðshlutfall dráttarvaxta breytilegt og tekur það mið af ákvörðun norska fjármálaráðuneytisins hverju sinni. Um hundraðshlutfall dráttarvaxta hverju sinni, vísast til ákvörðunar norska fjármálaráðuneytisins og framlagðrar útskriftar um þróun vaxtafótar.

Stefndi lætur, sem fyrr greinir, við það sitja að gera kröfu um almenna dráttarvexti af kröfunni samkvæmt ákvæðum norskra vaxtalaga, þrjú ár aftur í tímann frá þingfestingardegi stefnu þessarar sem er 19. september 2024, stefndu til hagsbóta.

Kröfu um málskostnað úr hendi stefndu byggir á 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Við ákvörðun málskostnaðar er þess óskað að tekið verði tillit til áfallins frum- og milliinnheimtukostnaðar.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur hér á landi og ber því að bæta þeim skatti við tildæmdan málskostnað honum til handa. Um virðisaukaskatt á málskostnað vísast til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði á hendur stefndu Ásdísi með vísan til a-liðar sbr. b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er Ásdís með óþekkt heimilisfang í Reykjavík og ekki er nánar vitað um heimilisfang eða dvalarstað hennar og ógerningur hefur reynst að ná til hennar. Af þeim sökum er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa á hendur henni í Lögbirtingablaðinu. Í Noregi gilda ekki sömu reglur um skyldubundna samaðild til varnar og er mál þetta því höfðað á hendur Ragnari til þess að varna því að réttarspjöll verði vegna þess.

V. Lagarök: Stefnandi vísar einkum til almennra meginreglna samninga og kröfuréttarins um réttar efndir fjárskuldbindinga. Byggt er á ákvæðum norskra laga um dráttarvexti, (n. Lov om renter ved forsinket betaling m.m. nr. 100 frá 1976) einkum 1., 2. og 3. gr. laganna. Þá er vísað til norskra laga um fyrningu, Lov om foreldelse av fordringer (foreldelsesloven), LOV-1979-05-18-18 með síðari breytingum, einkum 2. gr., 5.gr.,17. gr. og 21.gr. laganna.

Þá er vísað til alþjóðlegra viðskiptareglna sem og laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar, einkum 1. mgr. 3. gr. sbr. 4. gr. laga nr. 43/2000. Einnig er vísað til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 einkum 3. mgr. 10. gr., 18. gr. um skyldubundna samaðild stefndu til varnar, 1. mgr. 32. gr. um varnarþing, 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. um málskostnað og um birtingu stefnu til 89. gr. sömu laga. Loks er vísað til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

VI. Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum, lánssamning um bílalan, gögn vegna aðildar stefnanda, endurrit dóma sem kveðnir voru upp í Noregi, endurrit fjárnámsgerða hjá embætti sýslumanna í Noregi (Lensmannen), dómur og birtingarvottorð frá febrúar til apríl 2024, innheimtuviaðvaranir, ákvæði þeirra norsku laga sem byggt er á, ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dómskjali nr. 2.

VII. Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefndu gefa tilefni til. Enn fremur áskilur stefnandi sér rétt til að leiða fyrir dóm aðila og önnur vitni.

VIII. Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Ragnari Árnasyni, Hellu, 611 Grímsey og Ásdísi Ernu Ingimarsdóttur, sem er óstaðsett í hús, 101 Reykjavík og til þess að mæta á dómþing í Dómhús Héraðsdóms Norðurlands eystra, dómsal B, Hafnarstræti 107, 4. hæð, Akureyri fimmtudaginn 19. september 2024 kl. 13.30, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins mega þau búast við því að útivistardómur gangi.

Stefnufrestur er sjö (7) sólarhringar gagnvart stefnda Ragnari en einn (1) mánuður gagnvart stefndu Ásdísi.

Reykjavík, 12. ágúst 2024.

F. h. stefnanda,

Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður.

(2024016278

Útgáfud.: 13. ágúst 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 9. ágúst 2024, í máli nr. L-370/2024, var Ásgeir Einarsson, kt. 140938-2899, sviptur fjárræði í sjö ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Suðurlands, 9. ágúst 2024.

Einar K. Hallvarðsson héraðsdómari.

(2024015876

Útgáfud.: 13. ágúst 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráningFélagið heitir: **phh ehf.**

Kt.: 710724-0910.

Heimili og varnarþing: **Presthúsabraut 30, 300 Akranes.**

Dagsetning samþykktar er: 10. júlí 2024.

Stofnendur: Páll Heiðar Hlynsson, kt. 220195-2289, Presthúsabraut 30, 300 Akranes.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 10. júlí 2024.

Stjórnarmaður: Páll Heiðar Hlynsson. Varastjórn: Linda Kristín Valgerðardóttir, kt. 120395-2709, Skógarbraut 930D, 262 Reykjanesbær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Páll Heiðar Hlynsson.

Prókúruumboð: Sigríður Steingrimsdóttir, kt. 221070-4029, Stórateigi 21, 270 Mosfellsbær, Páll Heiðar Hlynsson, Linda Kristín Valgerðardóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Lilja Halldórsdóttir, kt. 150870-3729, Steinsstaðflöt 6, 300 Akranes.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Leiga á fasteign fyrir atvinnurekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024015888

Útgáfud.: 13. ágúst 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráningFélagið heitir: **Raggi ehf.**

Kt.: 710724-0400.

Heimili og varnarþing: **Tröðum 2, 806 Selfoss.**

Dagsetning samþykktar er: 15. júlí 2024.

Stofnendur: Ragnar Sverrisson Melstað, kt. 211161-4269, Tröðum 2, 806 Selfoss.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 15. júlí 2024.

Stjórnarmaður: Ragnar Sverrisson Melstað. Varastjórn: Sigrún Þorsteinsdóttir, kt. 180562-3629, Tröðum 2, 806 Selfoss.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Ragnar Sverrisson Melstað.

Prókúruumboð: Ragnar Sverrisson Melstað.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Jónas Ingi Ketilsson, kt. 290256-5779, Keilugranda 7, 107 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup og rekstur hópferðabifreiða og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024015889

Útgáfud.: 13. ágúst 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráningFélagið heitir: **JBÍ Training ehf.**

Kt.: 690724-0140.

Heimili og varnarþing: **Búlandi 4, 108 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 24. júlí 2024.

Stofnendur: Jakob Breki Ingason, kt. 230298-2389, Búlandi 4, 108 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 24. júlí 2024.

Stjórnarmaður: Jakob Breki Ingason. Varastjórn: Sigrún Anna Jónsdóttir, kt. 170572-5489, Galtalind 15, 201 Kópavogur.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Jakob Breki Ingason.

Prókúruumboð: Jakob Breki Ingason.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Hildur Eva Valgeirsdóttir, kt. 180191-2089, Jakaseli 9, 109 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er íþróttapjálfun, einkapjálfun, styrktarþjálfun, fjarþjálfun, námskeið, fræðsla, vörusala, rekstur bifreiða og fasteigna, lánastarfsemi, fjárfestingar og annar tengdur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024015890

Lögbirtingablað,
49. tölublað 2024.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.